



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Póst- og fjarskiptastofnun
b.t. Friðriks Péturssonar

Reykjavík 23. apríl 2014

1403010SA AGB
Málalykill: 350

**Efni: Umsögn um umræðuskjal Póst- og fjarskiptastofnunar um
framtidarfyriðkomulag alþjónustu varðandi þá skyldu innan hennar að
útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið.**

Í skjalinu eru settar fram sjö spurningar sem óskað er eftir athugasemdum við og í viðauka eru settar fram fjórar spurningar. Spurningarnar varða það hvernig staðið skuli að útnefningu á alþjónustuveitanda með tilliti til þess að útnefning á núverandi alþjónustuhafa Mílu ehf. rennur út í lok þessa árs og hvernig skipta eigi kostnaði vegna nauðsynlegrar endurnýjunar fjarskiptatenginga á næstu árum. Spurt er hvort einhver önnur leið sé fær en alþjónustukvöð til að tryggja notendum aðgang að almenna fjarskiptanetinu og hvaða leið sé vænlegust til að stuðla að endurnýjun á aðgangsnætti á svæðum þar sem talið er að markaðsbrestur sé til staðar. Óskað er eftir umsögn um hugmyndir um uppbyggingarsvæði miðuð við mörk sveitarfélaga eða önnur stærri svæði.

Sambandið gerir ekki athugasemdir við þau sjónarmið sem kynnt eru í skjalinu að leggja beri til grundvallar við útnefningu á alþjónustuhafa og hugsanlega endurtilnefningu Mílu¹. Sambandið er einnig sammála því að alþjónustukvöð sé nærtækasta leiðin til að tryggja notendum aðgang að fjarskiptatenginum á svæðum þar sem markaðsbrestur er fyrir hendi og að kvöðin taki eingöngu til slíkra svæða, með þeim fyrirvara að fylgst verði með og gripið til aðgerða ef markaðsaðilar standa ekki við yfirlýst áform sín og skuldbindingar eins og reifað er í kafla 5.5.5 skjalinu².

Í skjalinu kemur fram að áætlanir Mílu gera ráð fyrir að 80% heimila í landinu muni eiga aðgang að háhraðatenginum í lok árs. Megin úrlausnarefnið er því hvernig eigi að tryggja þeim 20% heimila, sem eftir standa og eru utan markaðssvæða, hliðstæðan aðgang. Í skjalinu er reifað að ef ekki verði skapað umhverfi sem brýtur upp þá kyrrstöðu sem í dag er á aðgengi dreifbýlis að fjarskiptalþjónustu, sambærilegri og í þéttbýli, muni ákveðnir landshlutar sitja eftir og íbúar á þeim stöðum ekki í framtíðinni geta nýtt sér þá möguleika sem nútíma fjarskiptalþjónustu býður upp á. Tillögur Póst- og fjarskiptastofnunar í skjalinu til að brjóta upp þessa kyrrstöðu fela í sér að alþjónustuhafi eigi að hafa forræði á því hvar og hvernig uppbyggingu verði háttáð og að greiðsluskylda alþjónustuhafa verði lækkuð til að hvetja til framkvæmda. Settar eru fram hugmyndir um þrjú kostnaðarskiptingarmódel sem óskað er umsagnar um³. Í fyrsta lagi að halda

¹ Spurningar 1, 2, 4 og 5.

² Spurningar 3, 5 og 6

³ Spurning 7 og í viðauka

óbreyttu fyrirkomulagi þannig að notendur greiði kostnað umfram greiðsluskyldu alþjónustuhafa, sem er nú kr. 650.000 á tengingu, en gerð er tillaga um að lækka hámarkið niður í 500.000 kr. Í öðru lagi er sett fram hugmynd um að greiðslur notenda miðist við lengd heimtauga þannig að notendur sem þurfa langa heimtaug standi sjálfir undir viðbótarkostnaði. Þriðja hugmyndin gerir ráð fyrir að byggt verði á meðaltalskostnaði við lagningu heimtauga á hverju uppbyggingarsvæði og að kostnaður skiptist á milli alþjónustuhafa, notenda og jöfnunarsjóðs alþjónustu. Sett er fram hugmynd um að uppbyggingarsvæði miðist við sveitarfélagamörk en að stærri svæði séu einnig hugsanleg. Gert er ráð fyrir að sett verði 500.000 kr. hámark á kostnaðarþátttöku sjóðsins, þ.e. að miðað verði við sömu upphæð og alþjónustuhafi á að bera. Gert er ráð fyrir að 300.000 kr. þak verði sett á greiðslur notenda og er tilgreint að það sé svipaður kostnaður og notendur þurfa að greiða vegna raforkuheimtauga og íbúar hafa greitt vegna ljósleiðaraframkvæmda sveitarfélaga. Sá fyrirvari er þó gerður að ef kostnaður við lagningu einstakrar heimtaugar fer yfir 3 millj.kr. og heimtaugar á viðkomandi svæði eru færri en 200, hafi alþjónustuhafi ekki skyldu til að leggja heimtaug, nema notandi sé tilbúinn að greiða viðbótarkostnaðinn sjálfur.

Sambandið er sammála Póst- og fjarskiptastofnun um að það þarf að grípa til aðgerða til að hraða fjarskiptauppbýggingu í dreifbýli og setja þarf skýrar reglur um hvernig eigi að standa að þessari uppbyggingu, m.a. um kostnaðarhliðina. Því ber að fagna að stofnunin hafi haft frumkvæði að því að hefja umræðu um málið. Sambandið hefur hins vegar áhyggjur af því að það fyrirkomulag sem kynnt er í skjalinu muni verða of íþyngjandi fyrir ákveðin svæði. Það er einnig veikleiki að það hafi ekki verið lagðar fram upplýsingar um uppbyggingarþörf eftir svæðum og kostnaðarmat. Það er því ekki ekki unnt að taka afstöðu til kostnaðartillagnanna á nægilega traustum grunni. Þó er fjárféðlegt að tillögurnar munu fela í sér að meiri kostnaður mun falla á notendur en verið hefur. Samkvæmt upplýsingum Póst- og fjarskiptastofnunar hefur hingað til aðeins einu sinni reynt á greiðsluþátttöku notenda. Það liggur hins vegar fyrir að fara þarf í átak á næstu árum til að bæta fjarskiptatengingar og það er gerð tillaga um að lækka greiðsluskyldu alþjónustuhafa til að hvetja til framkvæmda. Sambandið telur einnig varhugavert að láta alþjónustuhafa hafa forræði á hvar og hvernig uppbygging eigi að fara fram út frá því að hætta er á því að hann muni nýta þá stöðu til að þrýsta á sveitarfélög að taka þátt í uppbyggingu, ekki síst ef hugmynd um uppbyggingarsvæði eftir sveitarfélagamörkum gengur eftir. Uppbygging muni því ráðast af fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga en ekki af hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum.

Í skjalinu koma fram væntingar um að sveitarfélög muni koma að málum til að létta undir með notendum en ekkert er minnst á aðkomu ríkisins. Sambandið gerir alvarlegar athugasemdir við þetta og telur að það þurfi að eiga sér stað viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um verkaskiptingu og ábyrgð á uppbyggingu fjarskiptainnviða. Samkvæmt 1. gr. fjarskiptalaga er það ríkið sem á að tryggja landsmönnum aðgang að fjarskiptaþjónustu. Í þeim Evrópuríkjum sem við þekkjum til er ríkisvaldið, og í aðildarríkjum ESB einnig byggðasjóður ESB, að styðja við uppbyggingu fjarskiptainnviða í dreifbýli þar sem markaðsaðstæður eru ekki fyrir hendi. Þótt nokkur fjársterk sveitarfélög hér á landi hafi farið í ljósleiðaravæðingu til að bæta þjónustu við íbúa sína þá má ekki draga þá

ályktun af því að það sé almennt verkefni sveitarfélaga að sjá íbúum sínum fyrir slíkri þjónustu. Sambandið telur að gera þurfi heildstæðar áætlanir og kostnaðarmat á uppbyggingu fjarskiptainnviða í dreifbýli. Verkefnið um sóknaráætlanir landshluta gæti hugsanlega verið rammi fyrir slíka áætlanagerð. Sambandið vill því taka undir álit atvinnuvegarnefndar Alþingis um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017⁴ sem er svohljóðandi:

„Fjarskiptamál.

Líkt og framar er getið er í tillögunni sérstakur kafli um uppbyggingu öflugs gagnanets og þar tilgreint sem markmið að uppbygging fjarskiptakerfisins verði í samræmi við fjarskiptaáætlun 2011–2022. Fram kom við umfjöllun um málið að ófullnægjandi fjarskiptasamband hamlaði framþróun á ákveðnum svæðum og kom það sjónarmið fram að brýn þörf væri á átaki í fjarskiptamálum, einkum gagnvart svæðum sem stæðu lakast.

Uppbygging á þessu sviði er tæknilega krefjandi verkefni og mikil áskorun fyrir sum sveitarfélög að standa fyrir slíkri uppbyggingu. Nefndin telur mikilvægt að stjórnvöld skilgreini aðkomu sína að uppbyggingu fjarskiptainnviða almennt og stuðli jafnframt með kerfisbundnum hætti að því langtímaverkefni á grundvelli fjarskiptaáætlunar að auka útbreiðslu ljósleiðaraaðgangskerfa, aðallega utan þéttbýlis og einkum á svæðum sem verst standa gagnvart háhraðanettengingum. Nefndin leggur áherslu á framangreind atriði sem veganesti fyrir næstu fjögurra ára fjarskiptaáætlun.“

Sambandið mun leggja til að málið verði sett á dagskrá árlegs samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga sem ráðgerður er 12. maí nk.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

⁴ 143. Löggjafarþing 2013-2014, þingskjal 956 – 256. mál

